

HÚSÖNDIN

30.tbl. 1.árg.
5.september 2018

Fréttablað Mývatnssveitar, husondin@gmail.com
Útgefandi og ábyrgðarmaður: Arnþrúður Dagsdóttir

sími:
8492804

AFMÆLISBÖRN DAGANA 6.-12.SEPTEMBER 2018



- 7.9 *Einar Jónsson, Heimir Knaran Sigurbjörnsson*
9.9 *Sæmundur Þór Sigurðsson, Pálmi John Þórarinsson*
11.9 *Sigurður Erlingsson, Þorlákur Páll Jónsson*
12.9 *Rósa Signý Baldursdóttir*



SKRIFSTOFUSKÓLINN - FJARNÁM

Skrifstofuskólinn er 240 kest. námsleið sem má meta til allt að 18 feininga á framhaldsskólastigi. Námið er ætlað þeim sem eru eldri en 20 ára og hafa stutta formlega skólagöngu.

Helstu námsþættir:

Færnimappa og ferilskrá, námsdagbók og markmiðasetning, námstækni, samskipti, þjónusta, tölvu- og upplýsingatækni, verslunarreikningur, bókhald og tölvubókhald.

Verð 54.000,- (með fullri niðurgreiðslu stéttar. er verðið 13.500).



Stefnt er að því að hefja námið í október, eða þegar skráning næst, og lýkur í apríl/maí. Nemendur hitta kennara 1-2 í mánuði í kennslustund/stoðtímum. Námið hentar vel þeim sem eru í vinnu eða vilja hafa frjálsan tíma til að sinna náminu. **Skráning í síma 464-5100.**



Þekkingarnet
Þingeyinga



Lýðheilsugöngur Ferðafélags Íslands og Skútustaðahrepps – Fjórar miðvikudagsgöngur í september -

Eins og í fyrra verður lagt upp með lýðheilsugöngur á miðvikudögum í september undir kjörorðinu „Lifum og njótum“. Göngurnar hefjast kl. 18:00 alla miðvikudaga og er fyrsta gangan 5. september. Um er að ræða fjölskylduvænar göngur sem taka u.þ.b. 60 til 90 mín. Tilgangurinn með verkefninu er sem fyrr að hvetja fólk á öllum aldri til útivistar og hreyfingar í góðum félagsskap og efla þar með heilsu sína og lífsgæði. Við leggjum áherslu á sömu þemu og í fyrra, þ.e. náttúru, vellíðan, sögu og vináttu. Lýðheilsugöngurnar eru á vegum Ferðafélags Íslands og Skútustaðahrepps.

Dagskrá í Skútustaðahreppi:

5. september kl. 18.00

Gengið um Brunaborg í landi Reykjahlíðar. Mæting við Reykjahlíðarskóla (á bílastæðum sunnan við skólann). Umsjón: Dagbjört Bjarnadóttir.

12. september kl. 18.00

Gengið um hið stórmerka land Hofstaða með viðkomu í Hofstaðaey. Mæting við Hofstaði. Umsjón: Egill Freysteinnsson.

19. september kl. 18.00

Gengið fyrir ofan Reykjahlíðarþorp. Mæting við Icelandairhótelíð (Hótel Reynihlíð). Gengið að flugvællinum, þaðan í hlíðina fyrir ofan Reykjahlíðarþorp, að kringlunni, Bjarnarflagi og niður í þorp. Umsjón: Þorsteinn Gunnarsson.

26. september kl. 18.00

Gengið í kringum Birtingatjörn í einstöku landslagi. Mæting við Birtingatjörn. Auðveld ganga sem hentar smáum sem stórum, hver gengur á sínum hraða. Umsjón: Jóhanna Jóhannesdóttir.

Skútustaðahreppur er Heilsueflandi samfélag.



Landsvirkjun

Óskum eftir að ráða stöðvarvörð á Mývatnssvæði

Í starfinu felst rekstur, eftirlit og viðhald aflstöðva og veitumannvirkja á Mývatnssvæði við Kröflu, Bjarnarflag og Þeistareyki ásamt framþróun og viðhaldi vottana í gæða-, öryggis- og umhverfismálum. Stöðvarvörður vinnur markvisst að auknu rekstraröryggi og hagkvæmni í rekstri og hefur eftirlit með að öryggiskröfum Landsvirkjunar og annarra opinberra aðila sé framfylgt.

- Rafmagns-, vélfræði-, eða iðnfræðimenntun
- Þekking á viðhaldi búnaðar; gufu-, loft-, kæli-, vökva- og rafkerfa
- Þekking á teikniforritum, iðntölvum og stjórnkerfum er kostur
- Þekking á öryggis-, gæða- og umhverfismálum
- Reynsla af störfum tengdum raforkuvirkjum eða iðnaði er æskileg
- Frumkvæði, skipulag, sjálfstæð vinnubrögð og hæfni til að tileinka sér nýjungar
- Lipurð í mannlegum samskiptum og hæfni til að vinna með öðrum
- Geta til að kynna starf sitt og starfsvettvang fyrir hópum og einstaklingum
- Góð tölvukunnátta

Sótt er um starfið á vef Landsvirkjunar, www.landsvirkjun.is. Nánari upplýsingar veitir Þóra María Guðjónsdóttir (thora.maria.gudjonsdottir@landsvirkjun.is). Umsóknarfrestur er til og með 19. september 2018.



Jafnlaunaúttekt
PwC
2017

Landsvirkjun ber gullmerkið í Jafnlaunaúttekt PwC, sem staðfestir að fyrirtækið greiðir körlum og konum jöfn laun fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.

Landsvirkjun hvetur konur jafnt sem karla til að sækja um starfið.



Deildarstjóri og staðgengill leikskólastjóra óskast við leikskólann Yl í Mývatnssveit hið fyrsta.

Möguleiki er á húsnæði. Um er að ræða 100% stöðu og þarf viðkomandi að geta hafið störf sem fyrst. Umsóknarfrestur er til 14. september. Hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um.

Menntunar og hæfniskröfur

- Leyfisbréf leikskólakennara eða menntun sem nýttist í starfi
- Frumkvæði, sjálfstæði og fagleg vinnubrögð
- Góð færni í samvinnu, samskiptum og teymisvinnu
- Áhugi á starfi með börnum skilyrði
- Áhugi á starfsþróun og nýjum fjölbreyttum áherslum í skólastarfi
- Jákvæðni og sveigjanleiki

Einnig vantar í afleysingastöðu strax. Menntun æskileg en ekki skylda.

Leikskólinn Ylur er með 31 barn. Stefna leikskólans er Lífsleikni sem byggir á dygðakennslu. Verið er að hefja innleiðingu á Heilsuefandi leikskóla, Jákvæðum aga og Karellen leikskólakerfinu svo eitthvað sé nefnt. Mikil uppbygging í gangi og skemmtileg verkefni framundan.


Nánari upplýsingar veitir Ingibjörg Helga Jónsdóttir leikskólastjóri í síma 8219404. Upplýsingar um launakjör eru veittar á skrifstofu Skútustaðahrepps. Skila þarf umsóknum ásamt ferilskrá á skrifstofu Skútustaðahrepps eða senda á netfangið

ingibjorg@skutustadahreppur.is

LEIRLISTARNÁMSKEIÐ

Leirlistarnámskeið fyrir byrjendur og lengra komna. Kenndar grunnaðferðir í mótun leirs og farið í gegnum ferlið frá mótun til brennslu og glerjunar viðfangsefnisins. Unnið er með steinleir og þátttakendur vinna frjálst að nýttahlutum eða skúlptúrum. Námskeiðið 5 skipti, 3 tímar í senn. Námskeiðið verður haldið þegar lágmarkspáttöku er náð.

Innifalið er leir, brennsla og glerungar.



Staður: Listasmiðjan á Laugum

Leiðbeinandi: Anita Karin Guttesen

Verð: 38.000 kr



Þekkingarnet
Þingeyinga



Tilnefningar óskast til Umhverfisverðlauna 2018

Kæru sveitungar. Nú er komið að því að auglýsa eftir tilnefningum fyrir Umhverfisverðlaunin 2018. Óskað er eftir tilnefningum um einstaklinga, fyrirtæki, lögbýli eða stofnun sem eru til fyrirmyndar í umhirðu og umgengni síns nærumhverfis.

Biðjum við ykkur að horfa í kringum ykkur og senda til okkar tilnefningar með rökstuðningi af hverju viðkomandi hljóti viðurkenningu.

Tilnefningar skal senda á hannakata@vjp.is eða skila inn á hreppskrifstofu fyrir 20. september n.k.

Umhverfisverðlaun 2018 verða afhent á slægjufundi 27. október n.k.

Umhverfisnefnd Skútustaðahrepps



MYVATN NATURE BATHS

Jarðböðin hafa til leigu húsnæði í vetur,
leigist annaðhvort út sem íbúð eða stök herbergi.
Áhugasamir hafa samband við framkvæmdastjóra í síma 8534411

OFT VELTIR LÍTIL ÞÚFA ÞUNGU HLASSI






Lokað vegna starfsmannadags 12. september

Þriðjudaginn 12. september n.k. verða skrifstofa Skútustaðahrepps, Reykjahlíðarskóli, leikskólinn Ylur og íþróttamiðstöð lokaðar vegna sameiginlegs starfsmannadags.

Íþróttamiðstöðin opnar þann dag að nýju kl. 16:00 fyrir almenning.
Þeir sem eru með Lykilkortið komast hins vegar inn allan daginn.





Rokkum gegn sjálfsvígum

Flytjendur:
ROKK hljómsveit Tónasmiðjunnar og gesta

Andrea Líf Einarsdóttir - gítar og trommur
Dagný Diego Elvarsdóttir - bassi
Davíð Helgi Davíðsson - trommur
Elvar Bragason - gítar
Hrefna Ósk Davíðsdóttir - þverflauta
Hafsteinn Hjálmarsson - bassi
Ísak Már Aðalsteinsson - hljómborð
Jóhanna Rún Snæbjörnsdóttir - fiðla
Kristján Benediktsson - bassi
Ottó Páll Arnarson - gítar
Rafael Roque - gítar

ásamt Stúlnakór Húsavíkur og eftirtöldum einsöngvurum

Bylgja Steingrímsdóttir
Edda Björg Sverrisdóttir
Elísa Þóreyjardóttir
Eyrún Anna Jónsdóttir
Friðrika Bóel Jónsdóttir
Hólmfríður Bjartey Hjaltalín
Kristján Þór Magnússon
Sandra Björk Kristjánsdóttir
Tryggvi Hrafn Sigurðsson
Valdís Jósefsdóttir.

**Í Húsavíkurkirkju
mánudagskvöldið
10. september n.k.
klukkan 20:00**

**Í tilefni af alþjóðlegum degi
sjálfsvígsforvarna**

Aðgangseyrir aðeins 1000 krónur
(sem rennur beint í forvarnastarfi
ÞÚ skiptir máli í Norðurþingi)

**Rock'n'roll
"classic" perlu
6.-9. áratugs**

Flutt verða lög snillinga:

Guns N' Roses - C.C.R -
Tinu Turner - The Beatles -
Trúbrot - Deep Purple -
Ego o.fl.

Heiðursgestur:
"ROKK söngvarinn" - Magni Ásgeirsson

EXTON
Ljós - Hljóð - Mynd

Tónasmiðjan

ÞÚ
SKIPTIR
MÁLI

FORVARNA- OG PRÆDSLUSTARE

Fjölmennum og tókum höndum saman gegn sjálfsvígum. Allir velkomnir!!!